

Ölgerðin Egill Skallagríms hf.
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri
kt. 420369-7789
Grjóthálsi 7-11
110 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2019

Sæll Andri.

Ég hef líkt og alþjóð fylgst með fréttatflutningi um að Ölgerðin hyggist færa tiltekna starfsmenn milli stéttarfélaga til að koma í veg fyrir að þeir njóti góðs af styttingu vinnuvikunnar um 9 mínútur sem VR samdi um í nágildandi kjarasamningum. Sumir þessara starfsmanna vinna störf sem falla undir samningssvið Eflingar fremur en samningssvið VR, en hafa engu síður verið félagsmenn í VR þar til nú.

Fyrir hönd Eflingar fagna ég leiðréttingu félagsaðildar starfsmanna til samræmis við þann kjarasamning sem störf þeirra heyra undir. Ég geri á hinn bóginn athugasemd við að Ölgerðin tímasetji slíka leiðréttingu á tækifærissinnaðan hátt þannig að starfsmenn fái ekki notið kjarabóta sem þeir hefðu ella fengið.

Samkvæmt heimildum mínum hefur Ölgerðin um árabil lagt blessun sína yfir félagsaðild umræddra starfsmanna að VR í skriflegum ráðningarsamningum og greitt stéttarfelagsgjöld af þeim til VR. Með þessu hefur fyrirtækið að mínum dómi gefið umræddum starfsmönnum fyrirheit um að þeir fái notið þeirra kjara sem um semst í samningum VR, séu þeir samningar í einhverjum atriðum betri en samningar Eflingar.

Tómlæti Ölgerðarinnar gagnvart leiðréttingu félagsaðildar skapar að mínum dómi gild réttlætisrökk fyrir því að fyrirtækið veiti umræddum starfsmönnum kjarabætur sem haldast í hendur við þá stéttarfélagsaðild sem fyrirtækið hefur samþykkt árum saman athugasemdalaust.

Ég bendi á að jafnvel þótt nágildandi kjarasamningur Eflingar og SA skapi fyrirtæki þínu ekki skyldu að styrra vinnuvikuna um 9 mínútur líkt og í samningi VR þá er ekkert sem bannar fyrirtæki að veita þeim sem starfa undir öðrum samningum sömu styttingu. Enn fremur eru í 5. kafla samnings Eflingar og SA sérstakar heimildir til að framkvæma slíka styttingu, þar sem breyta má vinnutilhögun í öðrum atriðum til að auðvelda styttingu. Samtök atvinnulífsins hvöttu mjög til styrkingar og útvíkkunar á

heimildum í 5. kafla í viðræðum í aðdraganda undirritunar nágildandi kjarasamnings, sem nýtur að túlkast sem svo að vilji samningsaðila standi til þess að nýta þær heimildar þegar við á. Ég tel að nýting þessara heimilda sé mjög viðeigandi í tilfelli þíns fyrirtækisins og eðlilegt viðbragð við þeirri stöðu sem upp er komin þar.

Með hliðsjón af ofangreindu skora ég f.h. Eflingar - stéttarfélags á þig að veita starfsmönnum sem starfa samkvæmt kjarasamningi Eflingar sams konar styttingu og þeim sem starfa samkvæmt samningi VR. Fyrirtækinu er frjálst að framkvæma slíka styttingu í samræmi við heimildir í 5. kafla í kjarasamningi SA og Eflingar og fylgja ákvæðum kaflans um tilhögun viðræðna. Ég og starfsfólk Eflingar erum tilbúin að veita alla aðstoð við slíkar viðræður sem og smíði endanlegs samnings eftir því sem verða vill.

Afrit sent á Samtök atvinnulífsins.

Afrit sent á trúnaðarmenn Eflingar hjá Ölgerðinni.

Virðingarfyllst,

Sólveig Anna Jónsdóttir

Sólveig Anna Jónsdóttir,
formaður Eflingar - stéttarfélags